

Fyrir hverja

Almenni lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Góð lífeyrissréttindi

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Ávöxtun að eigin vali

Í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið á milli sex ávöxtunarleiða fyrir viðbótarlífeyrissparnað. Sjóðfélagar geta valið fleiri en eina ávöxtunarleið og geta einnig breytt um leiðir síðar.

Kosturinn við að greiða viðbótarsparnað í Almenna lífeyrissjóðinn er m.a. lágur kostnaður en sjóðurinn býður sjóðfélögum að fjárfesta með sjóðnum á sömu kjörum og lífeyrissjóðurinn.

Helstu kennitölur

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn	Innlánasafn	Húsnæðis-safn	Samtryggingar-sjóður	Alls
Nafnávöxtun frá áramótum	4,7	4,5	4,2	4,2	3,6	3,5	4,6	
Raunávöxtun frá áramótum	1,7	1,5	1,2	1,2	0,6	0,5	1,6	
Raunávöxtun árið 2023	3,2	2,4	1,3	-0,5	0,6	-0,2	2,2	
Raunávöxtun árið 2022	-14,5	-13,0	-7,9	-12,0	0,0	-1,8	-12,7	
Raunávöxtun á ári sl. 3 ár	0,3	-0,3	-0,3	-3,5	0,4	-0,3	-0,5	
Raunávöxtun á ári sl. 5 ár	3,8	2,7	1,2	-1,6	0,5	0,4	2,1	
Raunávöxtun á ári sl. 10 ár	7,4	4,2	2,7	1,5	1,2		4,1	
Raunávöxtun á ári frá 1990		4,0					4,3	
Fjöldi sjóðfélaga	32.418	21.077	6.858	212	16.635	582	40.168	60.584
Heildarstærð m.kr.	53.552	93.899	48.047	1.413	34.650	1.009	205.464	437.980

Eignasamsetning, %

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn	Innlánasafn	Húsnæðis-safn	Samtryggingar-sjóður	
Innlend skuldabréf	23,5	37,3	50,0	94,9		98,0	39,8	
Innlend hlutabréf	15,1	12,1	6,0				12,1	
Innlán	1,5	1,6	11,3	5,1	100,0	2,0	1,1	
Erlend verðbréf	56,8	45,0	26,0				44,4	
Erlend skuldabréf og gjaldeyrir	3,0	4,0	6,7				2,6	
Innlendar eignir	40,2	51,0	67,3	100,0	100,0	100,0	53,0	
Erlendar eignir	59,8	49,0	32,7				47,0	

Blönduð söfn

Ávöxtunarleiðir	Fjárfestingarstefna	Fyrir hverja
Ævisafn I	30% skuldabréf 70% hlutabréf	Ævisafn I hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn til langs tíma. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum að stórum hluta.
Ævisafn II	45% skuldabréf 55% hlutabréf	Ævisafn II hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn til langs tíma. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í skuldabréfum sem vega um 45% og hlutabréfum sem vega um 55% í stefnu safnsins.
Ævisafn III	70% skuldabréf 30% hlutabréf	Ævisafn III hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn og vilja taka litla áhættu. Markmið safnsins er að tryggja sjóðfélögum jafna og góða ávöxtun með auknu vægi skuldabréfa.
Samtryggingarsjóður	45% skuldabréf 55% hlutabréf	Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum frá 60 ára aldri, örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri til eftirlifandi maka og barna við fráfall.



Íslensk ríkisskuldabréf og innlán

Ávöxtunarleiðir	Fjárfestingarstefna	Fyrir hverja
Ríkissafn	100% ríkisskuldabréf	Ríkissafn hentar sjóðfélögum sem vilja ávaxta inneign sína í ríkisskuldabréfum og geta þolað nokkrar sveiflur í ávöxtun. Safnið hentar vel fyrir sjóðfélaga sem vilja fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins sem eru að hluta verðtryggð og geta horft til meðal langs tíma.
Innlánasafn	100% innlán	Innlánasafn er ávaxtað að öllu leyti á innlánsreikningum. Ávöxtun er sambærileg og ávöxtun á verðtryggðum bankareikningum með hæstu vöxtum á hverjum tíma og breytast vextirnir með almennu vaxtastigi í landinu.
Húsnæðissafn	75% veðskuldabréf (sjóðfélagalán) 15% ríkisskuldabréf 10% innlán	Húsnæðissafn hefur heimild til að fjárfesta í veðskuldabréfum (sjóðfélagalánum), sértryggðum skuldabréfum fjármálafyrirtækja, skuldabréfum með ábyrgð ríkisins og innlánum fjármálafyrirtækja. Safnið hentar þeim sem vilja að stærstur hluti eignasafns sé veðtryggður og verðtryggður.

Af hverju Almenni?

- ❖ **Enginn milliliður** sem þarf að fyrir rekstur sjóðsins
- ❖ Sjóðurinn stefnir að lágmarkskostnaði þannig að ávöxtun skili sér sem mest til sjóðfélaga
- ❖ **Sjóðfélagar** kjósa stjórnarmenn
- ❖ Eingöngu **sjóðfélagar** sitja í stjórn
- ❖ **Sex ávöxtunarleiðir:** Sjóðfélagar geta breytt ávöxtunarleið á sjóðfélagavef hvenær sem þeir vilja.

Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn, kt. 450290-2549,
Lífeyrissjóðanúmer
• Lágmarksiðgjöld: 005
• Viðbótariðgjöld: 004
Íðgjaldareikningur: 513-26-410000.
Vefsíða: www.almenni.is

Skipulag

Stjórn: Hulda Rós Rúriksdóttir (formaður),
Arna Guðmundsdóttir (varaformaður),
Már Wolfgang Mixa, Ólafur H. Jónsson, Sigríður
Magnúsdóttir og Þórarinn Guðnason.
Til vara: Frosti Sigurjónsson, Helga Jónsdóttir og
Kristján Þ. Davíðsson.
Framkvæmdarstjóri: Gunnar Baldvinsson